

Skilgreining á COVID-19 tilfalli

Skilgreiningin skiptist í tvennt: Mögulegt/líklegt og staðfest tilfalli. Skilmerkin fyrir mögulegu/líklegu tilfalli skal læknir nota til að meta líkur á COVID-19 sýkingu þegar sjúklingur leitar til heilbrigðisþjónustunnar vegna eins eða fleiri einkenna sem samrýmast COVID-19 og hefur verið þar sem smit er í gangi. Skilgreiningin kann að breytast í samræmi við nýjar upplýsingar og breytt áhættumat.

Sjá einnig: [Skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar \(WHO\) á COVID-19 tilfalli](#) og [auglýsingu um fyrirmæli landlæknis um ábendingar fyrir gjaldfrjálsri greiningu á SARS-CoV-2 veirunni](#).

MÖGULEGT/LÍKLEGT TILFELLI

Sjúklingur með skyndilegan hósta eða andþyngsli, hita $>38.5^{\circ}\text{C}$, bein- eða vöðvaverki, skyndilegar breytingar á bragð- eða lyktaskyni,

EÐA:

Skyndilegur: hiti, slappleiki/preyta, höfuðverkur, hálssærindi, kvefeinkenni, mæði, lystaleysi/ógleði/uppköst, niðurgangur,

OG:

Faraldsfræðitengsl:

- Einstaklingur sem hefur búið eða starfað á **svæði þar sem samfélagslegt smit veirunnar er útbreitt** innan 14 daga frá upphafi einkenna: T.d. einstaklingur sem býr á sama heimili og einstaklingur með COVID-19 eða dvalið í lokuðu rými með einstaklingi með COVID-19 (t.d. skólastofu, fundarherbergi, biðstofu, í flugvél o.s.frv.).

EÐA:

- Einstaklingur hefur búið á eða ferðast til **svæðis með útbreitt samfélagssmit** innan 14 daga frá því að einkenni hófust.

EÐA

- Einstaklingur er heilbrigðisstarfsmaður eða hefur verið við umönnun í samfélaginu innan 14 daga frá því einkenni hófust.

Ofangreind faraldsfræðitengsl þarf **ekki** ef: Einstaklingur leggst inn á sjúkrahús með bráða öndunar-færasýkingu sem hófst innan 10 daga með hita $>38.5^{\circ}\text{C}$ við skoðun eða sögu um hita, og hósta; EÐA: Óútskýrt dauðsfall hjá fullorðnum með bráðra öndunarfærasýkingar OG tengsl við mögulegt/líklegt tilfalli eða faraldsræðileg tengsl eru til staðar.

STAÐFEST TILFELLI

Einstaklingur með staðfesta greiningu á COVID-19 sýkingu frá rannsóknarstofu, óháð sjúkdómseinkennum.

Athugið: Meta skyldi þörf á frekari rannsóknum eftir einkennum og faraldsfræðitengslum hjá sjúklingum sem strangt til tekið uppfylla ekki ofangreind skilmerki. Ekki ætti að nota skilgreiningar á tilfellum til að leiðbeina um læknismeðferð.